



# Kvik- myndir eru

## hans áhugamál

### Rætt við Óskar Gíslason

Óskar flettir hér í bunka af gömlum myndum, sem eiga að fara á sýninguna. Hann heldur á mynd, sem tekin var við opnun Tívolfs og nær má sjá mynd af stofnendum Ljósmyndarafélags Íslands.



Óskar lánaði okkur nokkrar gamlar myndir til birtingar. Þessi mynd var tekin frostaveturinn mikla 1918 og sýnir fístoðu við höfnina.

Óskar Gíslason heitir maður, sem mörgum er að góðu kunnur. Þekktastur er hann þó sennilega fyrir brautryðjendastarf sitt á sviði kvikmyndagerðar, en hann er einn þeirra manna, sem fyrstir gerðu kvikmyndir hér á landi. Við litum inn hjá Óskari einn dag fyrir skömmu og áttum við hann stutt samtal. Þegar okkur bar að garði var greinilega mikið um að vera og kom í ljós að hann var að undirbúa ljósmyndasýningu að Kjarvalsstöðum, sem opnuð verður næstu daga.

„Ég byrjaði að læra ljósmyndun hjá Ólafi Magnússyni árið 1916,“ sagði Óskar. „og árið 1920 fór ég síðan til Hafnar í framaldsnám. Þar lærði ég hjá Elfeldt og var að fullkomna mig í ljósmyndagerð, en Elfeldt var einmitt einn af brautryðjendum í kvikmyndagerð í Danmörku. Eftir að ég kom heim stofnsetti ég eigin ljósmyndastofu hér í Reykjavík og rak hana í 15 ár.“

— Hver voru tildrög þess, að þú snerir þér að kvikmyndagerð?

„Ja, það má nú kannski að einhverju leyti rekja til þess, að þegar verið var að kvikmynda Borgarættina hér árið 1919, komst ég í kynni við Larsen, sem stjórnaði upptökunni. Ég var áhugasamur um þessi mál og fylgdist með upptökunni og þar kom að Larsen fékk mig til að framkalla nokkrar prufufilmur. Eftir þetta fór ég að leika mér að því að kvikmynda, en fyrsta kvikmyndin, sem ég gerði og sýnd var opinberlega var kvikmyndin um lýðveldishátíðina 1944.“

„Og Óskar lét ekki þar við sitja, því næstu árin var skammt stórra högga á milli hjá honum og tók hann fjölda kvikmynda, sem sumar hverjar hafa farið víða um heim. Má þar nefna kvikmyndir eins og Síðasti bærin í dalnum, Reykjavíkuvæntýri Bakka-bræðra og síðast en ekki sízt Björgunarafrækið við Látrabjarg.“

„Já, sú mynd er nú sennilega einna frægust,“ sagði Óskar þegar við minntumst á þá síðastnefndu. „Hún var til upp úr því, að árið 1948 strandaði

skip við Látrabjarg og varð þar nokkuð mannjón. Árið eftir var ákveðið hjá Slysavarnarfélaginu að reyna að fá þennan atburð kvikmyndaðan og varð það úr, að ég tók þetta að mér.“

— Það hlýtur að hafa verið miklum erfiðleikum háð að gera kvikmynd um þennan atburð?

„Já, því er ekki að neita, að það voru margir erfiðleikar, sem þurfti að glíma við og aðstaðan var ekki góð, en það tókst nú samt. Þórður Jónsson á Látrum stjórnaði þessu að mestu leyti og sá um undirbúning. Sumarið sem við vorum fyrir vestan að kvikmynda skeði svo sá undarlegi atburður, að annað skip frá sama fyrirtæki strandaði þarna á svipuðum slóðum. Þar var unnið mikið björgunarstarf og var ég viðstaddur og gat því kvikmyndað raunverulegar björgunaraðgerðir, en mest allt annað í myndinni er leikið.“

— Það hafa náttúrulega orðið geysilegar breytingar á kvikmyndagerð og ljósmyndaækni frá þessum árum?

„Það er óhætt að fullyrða það, já. Það hafa orðið gífurlegar framfarir á þessu sviði sem öðrum. Þegar ég var að byrja að kvikmynda voru notaðar svokallaðar mjófilmuvélar, sem eru 9½ mm, og voru þær handsnúnar og mjög ófullkomnar á okkar tíma mælikvarða. Seinna komu svo vélar sem voru upprektar og endurbættar á allan hátt. Það er sömu sögu að segja með ljósmyndavélarnar. Þetta voru allt ófullkomnar kassavélar og má í rauninni teljast merkilegt hve góðar myndir voru teknar á þessum vélar.“

Eftir að Óskar hætti rekstri eigin ljósmyndastofu hefur hann þó alla tíð starfað við ljósmynda- og kvikmyndagerð. Hann veitti m.a. forstöðu myndastofunni Týli á árunum 1940—45 og aftur seinna. Þá hefur hann verið í stjórn Ljósmyndarafélags Íslands, en hann var einn af 18 stofnendum þess, og einnig hefur hann verið prófdómari í ljósmyndarprófum. Nú seinsutu árin hefur hann starfað hjá sjónvarpinu, og spurðum við hann um starf hans þar.

„Það var árið 1966, sem ég réð mig á ljósmyndastofu sjónvarpsins, og sá

ég um hana fram að síðustu áramótum, en þá hætti ég fyrir aldurs sakir. Ég var nú svo til eingöngu á stofunni, en þó tók ég dálítið af fréttamyndum. Það var nú reyndar ekki mikið því þarna voru menn sérstaklega til þess ráðnir.“

— En hefur þú verið að bauka eitthvað eftir að þú hættir störfum hjá sjónvarpinu?

„Eftir að ég hætti fékk ég loksins tíma til að vinna að þessari sýningu, sem ég er nú að setja upp, og hef ég verið að vinna gamlar myndir sem verða á sýningunni.“

Allt í kringum hann voru staflar af gömlum myndum og fengum við að fletta lauslega í gegnum þær og komumst að raun um að í þessu eru geysilega góðar og skemmtilegar heimildir um lífið í Reykjavík á þessum árum. Þarna voru m.a. myndir af hestvögnum í Austurstræti, ístöku við höfnina, mynd frá opnun Tívolfs og af brunanum mikla 1915, og svona mætti lengi telja. Okkur fannst þetta ákaflega áhugavekjandi svo við spurðum Óskar nánar um sýninguna. Hann sagðist sem minnst vilja um hana tala fyrr en hún yrði opnuð, en sagði okkur að þetta yrðu allt gamlar myndir, sem hann og aðrir hefðu tekið.

„Sjálfur átti ég engar myndir frá aldamótunum,“ sagði hann, „og fékk ég plötur hjá Þjóðminjasafninu af myndum frá því um og eftir aldamót eftir nokkra gamla ljósmyndara og held ég að þessar myndir setji skemmtilegan „sjarma“ á sýninguna.“

— Er eitthvað sérstakt atvik úr kvikmyndagerðinni, sem er þér sérstaklega minnisstætt?

„Nei, ég man ekki eftir því. Ekki nema að almennt voru alltaf mikil vandamál í kringum þetta og dettur mér þá í hug atvik, sem skeði þegar ég var að kvikmynda Síðasta bæinn í dalnum. Útisenurnar í þeirri mynd voru að mestu leyti teknar á Tanna-stöðum í Ölfusi og ég man eftir því, að það kom tvisvar fyrir að við vorum lögð af stað úr bænum í blíðskaparveðri og ætluðum að koma miklu í verk, en við urðum að snúa við á Helligshéidi vegna veðurs. Og þetta var nú meira fyrirtæki en svo að það væri gaman að þurfa að snúa við með allt hafurtaskið.“

— Hver var síðasta kvikmyndin, sem þú gerðir?

„Ég man það nú ekki alveg nákvæmlega, nema að með síðustu kvikmyndunum var Nýtt hlutverk, sem ég tók árið 1954 eftir sögu Vilhjálms Vilhjálmssonar. Ég man vel eftir þeirri mynd, því þá var talið í fyrsta skipti tekið upp um leið og myndin, en áður hafði það alltaf verið sett inn í eftir á.“

— Við höfum heyrt að nú hafir þú breytt um hlutverk og standir ekki lengur bak við kvikmyndatökuvélina, því verið sé að gera kvikmynd um þig. Geturðu sagt okkur eitthvað frá því?

„Já, þetta er rétt. Sjónvarpið er að vinna að mynd um kvikmyndastarfið. Þetta verður heimildarmynd um kvikmyndagerð og sýnir vel þróunina sem orðið hefur. Kvikmyndin er nú langt komin, en þó býst ég ekki við að hún verði fullgerð fyrr en í vetur.“



Keypt í soðið. Myndin er tekin í miðbænum í Reykjavík.



Þekkir nokkur götuna? Jú, þetta er Austurstræti í Reykjavík og er myndin tekin skömmu eftir aldamót.